

Gjaldskrá

fyrir notkun rafmagnsveitu í Eskifjarðarhreppi.

1. gr.

Verð á rafmagni til ljósa í íbúðarhúsum, samkomuhúsum, skólum, búðum, skrifstofum, verksmiðjum og öðrum húsum, sem ekki eru sjerstaklega tiltekin í gjaldskránni, er um straumtakmarkara fyrir árið:

Fyrir 50 wött	kr.	12.00
— 75 —	—	18.00
— 100 —	—	24.00
— 150 —	—	36.00
— 200 —	—	48.00
— 250 —	—	60.00
— 300 —	—	72.00
— 400 —	—	96.00

og svo kr. 6.00 fyrir hver 50 wött úr því.

Um mæli er verðið í húsum til ljósa alt að 50 aur. fyrir hverja kilowattstund, eftir nánari ákvæðum hreppsnefndar en til suðu 5 aur. fyrir kilowattstund. Til vjela í verksmiðjum ákveður hreppsnefndin verðið fyrir hverja kwst. eftir atvikum, þó ekki hærra en 15 aura. Til lýsingar á bryggjum og til annara utanhússljósa einstakra manna eða fjelaga, í sjóbúðum án fastrar íbúðar, í geymsluhúsum og gripahúsum er gjaldið 4 kr. á ári fyrir hver 50 wött, en 15 aurar fyrir hverja kwst. um mæli.

Gjaldið fyrir rafmagn um takmarkara er hreppsnefndinni þó heimilt að lækka um alt að 10%, frá því sem það er sett hjer að framan, og fyrir götuljós og bryggjuljós ákveður hreppsnefndin sjálf gjaldið.

2. gr.

Rafmagnsgjöldin greiðist til fulltrúa hreppsnefndar fyrir 1. oktbr. ár hvert, fyrir ljósárið, sem þá er byrjað. Hafi gjaldandi árangurslaust verið krafinn og ekki greitt gjaldið 15 dögum eftir gjalddaga, er stöðinni heimilt að slita sambandi við hlutaðeiganda, eftir skriflega tilkynningu til hans. Taka má gjöldin lögtaki. Húseigandi greiðir gjaldið fyrir hús sitt.

Gjaldskrá þessi er hjermeð sett, samkvæmt lögum nr. 51, 3. nóvember

1915, um rafmagnsveitur, og birt til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut 50
eiga að máli. 15. mars

Í stjórnaráði Íslands, 15. mars 1916.

Einar Arnórsson.

Jón Hermannsson.

Auglýsing

51
23. mars

um staðfesting stjórnarráðsins á breytingu á reglugjörð
fyrir mjólkursölu í Reykjavík 19. desember 1913,
um breytingu á reglugjörð frá 2. mars 1912.

Samkvæmt lögum nr. 64, 10. nóvember 1905, um heilbrigðisamþykktir fyrir bæjar- og sveitarfjelög, er hjermeð staðfast samþykkt bæjarstjórnarinnar um að fella úr gildi breytingu á reglugjörð fyrir mjólkursölu í Reykjavík staðfesta af stjórnarráðinu 19. desember 1913, þannig að lágmark fitu í nýmjólk verði 3.25%, eins og ákveðið er í reglugjörðinni 2. mars 1912.

Þetta er hjermeð gjört heyrum kunnugt.

Í stjórnarráði Íslands, 23. mars 1916.

Einar Arnórsson.

G. Sveinbjörnsson